

Lög Foreldrafélags Stekkjaskóla

1. grein

Félagið heitir Foreldrafélag Stekkjaskóla og er til heimilis í Sveitarfélaginu Árborg.

2. grein

Félagar eru allir foreldrar og forráðamenn nemenda í Stekkjaskóla á Selfossi.

3. grein

Markmið félagsins eru:

- Að vera samstarfsvettvangur foreldra sem eiga börn í skólanum.
- Að efla og tryggja gott samstarf foreldra og starfsfólks skólans.
- Að styðja heimili og skóla við að skapa nemendum góð uppeldis- og menntunarskilyrði.
- Að koma sjónarmiðum foreldra á framfæri varðandi starfsemi skólans, menntunar- og uppeldismál.
- Að búa til skemmtilegt skólasamfélag og styðja sérstaklega við framþróun í tæknilegum og nútímalegum kennsluháttum.

4. grein

Markmiðum sínum hyggst félagið ná m.a. með því:

- Að skipuleggja og halda utan um starf bekkjarfulltrúa.
- Að koma á umræðu- og fræðslufundum um uppeldis- og skólamál.
- Að kjósa fulltrúa í skólaráð í samræmi við 9. gr. laga nr. 91/2008. A.m.k. annar þeirra skal vera úr hópi stjórnarmanna.
- Að standa að upplýsingamiðlun til foreldra.
- Að veita skólayfirvöldum lið svo að aðstæður til náms og félagslegra starfa verði sem bestar.
- Að stuðla að öfluglu forvarnarstarfi og styðja og efla heilbrigða skólamenningu.
- Að taka þátt í samstarfi við önnur foreldrafélög og samtök foreldra.

5. grein

Stjórn félagsins skal kjörin á aðalfundi og skipuð fimm manns sem kjörnir eru til eins árs í senn. Formaður skal kosinn sérstaklega en að öðru leyti skiptir stjórnin með sér verkum. Auk formanns skal stjórn skipuð, varaformanni, ritara, gjaldkera og meðstjórnanda. Stjórn skal funda svo oft sem þurfa þykir. Formaður boðar til stjórnarfunda og stýrir þeim eða varaformaður í hans forföllum. Ritari annast fundarritun. Gjaldkeri annars um fjárreiður félagsins og fer með prókúru þess.

6. grein

Bekkjjarfulltrúar starfa á vegum foreldrafélagsins sem setur þeim starfsreglur. Hlutverk bekkjarfulltrúa er að efla og styrkja samstarf foreldra og barna og leitast við að treysta samband heimilis og skóla innan hversrar bekkjardeildar með nánu samstarfi við umsjónarkennara. Stjórn foreldrafélagsins ber ábyrgð á að í upphafi skólaárs séu tilnefndir 2-3 bekkjarfulltrúar úr hverri bekkjardeild. Bekkjjarfulltrúar eru nánasta bakland stjórnar, getur stjórn boðað þá til samráðsfunda eftir þörfum og leitað aðstoðar þeirra í stærri verkefnum.

7. grein

Aðalfundur skal haldinn í upphafi skólaárs, í síðasta lagi 15. október ár hvert. Stjórn boðar til aðalfundar með minnst viku fyrirvara. Aðalfundur er löglegur ef löglega er til hans boðað. Í fundarboði skal kynna efni fundarins.

Verkefni aðalfundar:

- Kosning fundarstjóra og fundarritara
- Skýrsla stjórnar

- Skýrslur nefnda
- Lagabreytingar
- Kynning og samþykkt reikninga og ákvörðun árgjalds
- Kosning formanns og annarra stjórnarmanna
- Kosning skoðunarmanns reikninga
- Skýrsla skólaráðsfulltrúa
- Kosning tveggja fulltrúa í skólaráð
- Önnur mál

8. grein

Stjórn foreldrafélagsins getur skipað nefndir um afmörkuð verkefni. Stjórnin ber ábyrgð á störfum nefnda og setur þeim erindisbréf.

9. grein

Foreldrafélagið vinnur að hagsmunum heildarinnar og stjórn foreldrafélagsins skal ekki hafa afskipti af vandamálum er upp kunna að koma á milli einstakra foreldra og starfsmanna skólans.

10. grein

Stjórn foreldrafélagsins er heimilt að óska eftir því að foreldrar greiði framlag til félagsins. Þetta framlag er innheimt árlega og er ákveðið á aðalfundi.

11. grein

Ákvörðun um slit félagsins verður aðeins tekin með einföldum meirihluta atkvæða á aðalfundi og renna þá eignir þess til Stekkjaskóla.

12. grein

Lögum þessum má aðeins breyta á aðalfundi með einföldum meirihluta atkvæða, enda sé lagabreytinga getið í fundarboði.

Þannig samþykkt á stofnfundi
16. desember 2021